

Eftirfarandi grein var sótt af Tímarit.is þann 25. september 2024 klukkan 08:59

**Titill**

Mellur með magaskegg og álfkonur með gullband um sig miðja

**Höfundur**

Bjarni Harðarson (1961)

**Tímarit**

19. júní  
52. árgangur 2003  
1. tölublað  
Bls. 22-23

**Vefslóð**

<https://timarit.is/gegnir/991006970319706886>

Landsbókasafn Íslands - Háskólabókasafn á og rekur Tímarit.is. Safnið áskilur sér engan rétt á því myndefni sem birtist á vefnum. Öll endurnot á stafrænum myndum af efni sem fallið er úr höfundarrétti eru heimil án endurgjalds eða leyfis frá safninu.

Birting á Tímarit.is á efni í höfundarrétti er skv. samningi við réttihafa. Safnið á því ekki höfundarrétt að efni sem birt er á vefnum. Öll endurnot, bæði á texta og stafrænum myndum, á efni sem enn er í höfundarrétti eru því óheimil án leyfis viðkomandi réttihafa.



# Mellur með magaskegg og álfkonur með gullband um sig miðja

Köld eru kvennaráð, segir í fornum skráðum og enn eru kvenímyndir Íslendingasagna þjóðinni hugleiknar. Allir sem á annað borð leggja sig eftir íslenskum bókmenntum kannast við þær Dala - frænkur, Hallgerði langbrók og Guðrúnu Ósvífursdóttur. En hvað verður um þessar kvenhetjur Íslendinga í 1000 ára fátæktarbasli þjóðarinnar? Hver var staða hinnar íslensku konu í bókmenntum og hugarheimi íslenska bændasamfélagsins?

Viðfangsefnið má nálgast með ýmsu móti en ein leiðin er að skyggjast um í íslenskri þjóðsagnamenningu og þjóðtrú landsmanna, þar sem verða fyrir okkur fínlegar álfkonur, skapmiklir kvenskörungur, illviljaðar galdrakerlingar, mellur, skessur með brókarsótt, vitgrannar sveitakerlingar og hin lánlausa móðir mín í kví, kví.

Til þess að greina nokkuð í þessum frumskógi kvenímynda er rétt að byrja á nokkurskonar skilgreiningu á þjóðsögum landsmanna. Ég held að það sé hafið yfir allan efa að íslenskar huldufólksögur eru sögur sagðar af konum enda tíðum um konur. Þar spretta fram hugljúfar ástarsögur sem taka langt fram rauðu seríum 20. aldarinnar. Sögur af riddaralegum karlmönnum, beinvöxnum og snyrtilegum sem eru í æpandi mótsögn við þá neftóbaksblesa og dúðadurta sem buðust í sveitinni heima. Hvort sem það voru Bjartur í Sumarhúsum eða Útirauðs-Jón. Álfkonurnar gegna oft svipuðu hlutverki og konur glanstímaritanna í dag. Þær eru grannar og fagurbúnar, með gullband um sig miðja,... þar rauður loginn brann...

En eilífið á skjön við þessa mynd er að finna í huldufólksögum stóran flokk „raunsæisbókmennta.“ Fátæk huldukona vitjar húsfreyju að nóttu til og biður hana að hjálpa dóttur sinni í barnsnaud og að launum fær húsfreyja að hún og hennar afkomendur verða lánsamar ljósmæður. Þessi saga er til í ótal afbrigðum og úr hverri sveit á Íslandi. Náskýlt þessu sagnaminni eru sögur af huldufólki sem fær lánada kaffilús eða mjólkurdreitil og borgar í öllum tilvikum ríkulega fyrir þegar hagar þess vænkast.

Miklu fátíðara er að huldufólkið leiti eftir líkum viðskiptum við karlpening bæjarins þó aðeins sé það til, til dæmis fékk huldufólk einu sinni lánada sög hjá manni sem var að byggja sumarhús við Þingvallavatn!



Teikning: Haukur Halldórsson



## Hin kvenlega harka

Til er saga um ungan dreng sem leikur sér með ærslum á hól skammt frá bæjarhúsum. Huldukona vitjar móður hans og segir henni að banna drengnum ærslin, hóllinn sé heimili hennar og stráksi hafi þegar brotið fyrir henni búshöld og raskað ró barnanna í álfheimum. Móðirin biður drenginn að hætta en hann sinnir því ekki. Þrisvar varar álfkonan móðurina við en allt kemur fyrir ekki, drengurinn heldur ærslum sínum áfram og að lokum er hólbúum nóg boðið og þeir drepa drenginn, í sumum útgáfum sögunnar með hryllilegum hætti. Í Dyrhólaey rekur huldufólkið garnirnar úr drengnum lifandi en á Eyrbakka er stráksi laminn til dauðs.

Önnur sagnaminni af þessari hefnigirni og hörku huldufólksins er af fólki sem brýtur álög á slægjublettum og má þola örkuhl, eignamissi eða annað ólán. Oftar en ekki er það kona á bænum, húsfreyja eða vinnukona sem ber boðin úr álfheimum til mannheima.

Á margan hátt rímar þessi harka og ósveigjanleiki við bókmenntaminni um eiginleika konunnar bæði í Íslendingasögum og öðrum bókmenntum, nýjum og gömlum. Dugar að minna á Hildigunni í Njálu og Freyju í Mávahlátri. Hér er ekki verið að leggja neitt mat á raunverulegan mun kynjanna, sem væri frekar viðfangsefni sálarfræði en bókmenntafræði og látum í bili lokið umfjöllun um kvenímynd huldufólksagna.

## Karlremba sagnamenningar

Íslenskar tröllasögur eru á tíðum fullar af karlrembu, klámi og jafnvel kvenfyrirlitningu. Samkvæmt þjóðtrúnni var karlpeningur Íslandströlla útdauður laust eftir siðaskipti og í anda þess eru margar sögurnar frásagnir af vergjörnum tröllskessum sem stundum hljóta sæmdarheitið mellur. Mellur þessar eru að vonum þarfandi mjög og stunda þann leik að stela sér

karlpeningi í byggð og hafa hann sér til gamans á fjöllum uppi. Hvergi er þetta berlegra en í frásögn Bólu Hjálmars af Gamla bónda og tröllskessunni á Glerárdal.

Bólu Hjálmar er reyndar þekktur í bókmenntaheiminum fyrir hreinskilni og fátt er fjær honum en tepruskapur. Það sama á ekki við um alla þjóðsagnaritara sem tíðum voru prestar eða aðrir fyrirmenn bændasamfélagsins. Þess vegna er meira en sennilegt að oft hafi hinum grófari köflum tröllasagnanna verið sleppt í uppskriftum. Í frásögninni af Trölla – Láfa, sem numinn var brott af tröllskessum á Biskupstungnaafretti, er látið duga að segja að skessurnar hafi látið Láfa liggja á milli sín og blásið í eyru hans þar til hann vissi ekki til sín. Skessunum er þannig lýst að þær voru í tröllskinnstökkum, skósiðum að framan en stuttum á bak!

Austan úr Mýrdal er saga af bónda á Sólheimum sem lendir í slagsmálum við skessu niður á Sólheimasandi og hefur hana undir eftir að hann hefur náð taki á magaskeggi gálunnar. Ég hef ekki séð þetta skemmtilega orð annarsstaðar haft um skapahár kvenna, en það má vel gera sér í hugarlund að kvensur þessar hafi verið loðnari um sköpin en venjulegar heimasætur.

### Rist niður úr reiðum kellingum

Sagnir um reiðar kerlingar sem sökkva í jörð niður, tengist trú forfeðra okkar - og formæðra - á áhrínismátt orðanna. Því var trúað að orð sögð í heift, gætu kallað bölbænir yfir þann sem fyrir heiftinni varð og slíkt var ekki aftur tekið. Slíkt gat fylgt orðum bæði karla og kvenna þó oftar séu það heiftúðugar konur sem í hlut eiga.

Úr Flóanum eru til sagnir um það hvernig verjast mátti því að slík óhæfa ætti sér stað þar sem reiðar konur áttu í hlut. Ráðið var kallað að rista niður úr og var talið heimilt ef mikið lá við. Þetta fer þannig fram:

Karlamður (þess er ekki getið að gerandi geti verið kona!), gengur aftan að hinni reiðu konu með flugbeittan hníf og bregður honum undir hálsmál konunnar og ristir svo í einu handtaki fót konunnar í sundur niður fyrir streng. Sem kunnugt er gengu konur þá í pilsnum og voru berar undir þeim, þannig að sem hendi væri veifað stóð konan nakin á gólfi. Galdur þessa gjörnings var að hversu málóða sem konan var, þá brást það ekki að við þessa skyndilegu aðför þagnaði hún. Þar með var því afstýrt að óbætanlegar bölbænir væru hafðar í frammi. Og meinlaust var talið að blóð dreyrði úr á þremur stöðum! Guðni Jónsson magister sem ritar um þessar aðfarir, getur þriggja kvenna í Flóanum sem sannarlega hafi verið rist niður úr og er að skilja að þær hafi allar til þess unnið.

Ef við gefum okkur að karlmenn séu alla jafna höfundar þessara sagna eða að minnsta kosti þeir sem halda þeim á lofti, þá er nærtækt að leita skýringa á þeim í sálarlífi sögmanna. Af öllum forynjum og ógnum tilverunnar er líklega ekkert sem karlmenni fortíðar og nútíðar bera jafn þungan ótta fyrir og reiðar konur!

*Höfundur er blaðamaður og áhugamaður um þjóðfræði*

(Meðal heimilda: Amma, 1. hefti Rv. 1935, 8. Guðni Jónsson: Íslenskir sagnabættir og þjóðsögur V, 51. Bjarni Harðarson: Landið, fólkíð og þjóðtrúin, Selfoss 2001.)

## Svei því sem ónýtt er

Norðan úr Eyjafirði er til saga skráð af þjóðskáldinu Bólu Hjálmari sem þorði að skrá það sem aðrir létu ógert. Sagan er af bónda á Krossanesi sem hét Gamli Pétursson.

Eitt haust er honum vant sex geldinga af Glerárdal og þegar hann fer að leita þeirra gerir skessa á dalnum honum gerningaveður enda hafði hún stolið sauðunum og hugðist nú ná bónda þessum til sín. Rétt eftir að Gamli lendir í þessari þoku sér hann hvar ókind nokkur kemur úr þokunni, ferleg að sjá. Var hún í kvenskri mynd, ógurleg að vexti og tröllsleg. Gamla leist ekki að biða hennar, vissi heldur ekki hvaða óvætta þar kynni fleira eftir að koma. Setti því á rás undan og heim eftir dalnum.

Tröllkonan kallaði með bergmálsröddu og bað hann biða sín, en honum leist það óvænlegt og hélt undan. Fór hann þá sem fætur toguðu og sá hvar hún kom á eftir og er heldur greiðstífg. Hann hljóp allt hvað kraftar leyfðu og hvar hann sá sér færi kastaði hann bolfötum til að létta sig. Gekk þannig heim á miðjan dalinn. Þá sá Gamli, að saman dró svo með þeim, að flagðkonan hafði þegar náð honum. Tók hann þá það ráð, að hann snerist móti henni og þreif karlmannssköp sín upp úr brókum og hristi þau móti flagðkonunni. Hún stansaði við og horfði á um stund. Skók hún þá hausinn og mælti síðan:

„Svei því, sem ónýtt er, og kalla ég þá konu lítt stadda er á þig.“

Er greinilegt að Gamli hefur vitað til hvers leikurinn var gerður og þegar ekki er annað ráð tiltækt grípur hann til þess að sýna þessu óvætti hversu illa hann sé vaxinn niður og það dugar til að skessan snýr undan.



Teikning: Haukur Halldórsson